

Dreifmenntun í Vestur-Barðastrandarsýslu

Tillögur um aðgerðir í kjölfar úttektar RHA á dreifmenntun í grunnskólum Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Trausti Þorsteinsson



Desember 2006

Dreifmenntun í Vestur-Barðastrandarsýslu
Tillögur um aðgerðir unnar fyrir menntamálaráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Tillögur um aðgerðir	4
3. Umræða.....	6
4. Lokaorð	11
5. Heimildir	12

1. Inngangur

Í nóvember 2006 skilaði Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) til menntamálaráðuneytis skýrslu sinni um úttekt á dreifmenntun í Vestur-Barðastrandarsýslu. Við gerð þeirrar úttektar var áhersla lögð á að meta hvernig til hefði tekist við framkvæmd á dreifmenntunarverkefninu eins og kveðið var á um í samningi menntamálaráðuneytisins við Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp. Er skýrslunni hafði verið skilað þótti nauðsynlegt að fá fram hugmyndir um aðgerðir til frekari þróunar verkefnisins. Óskaði menntamálaráðuneytið eftir því við úttektaraðila að taka saman tillögur þar að lútandi.

Í þeim tillögum sem hér eru gerðar er úttektarskýrsla RHA á dreifmenntunarverkefninu lögð til grundvallar. Samantekt þessi skiptist í tvo hluta. Í fyrsta lagi eru settar fram tillögur um aðgerðir og í öðru lagi er gerð umræða um tillögurnar og forsendur þeirra.

2. Tillögur um aðgerðir

- Dreifmenntunarverkefnið verði framlengt til tveggja ára og það sett í stærra samhengi innan skólanna. Framkvæmd þess verði endurskipulögð. Settur verði verkefnisstjóri úr kennarahópi skólanna yfir verkefnið sem fái það hlutverk að vinna með skólastjórum, kennurum og öðrum starfsmönnum að því að skerpa kennslufræðilega sýn á verkefnið. Á grundvelli hennar verði form verkefnisins og umgjörð endurskoðuð og sett í samhengi við annað starf skólanna. Ennfremur fái hann það hlutverk að fylgja framkvæmd verkefnisins eftir, meta afrakstur þess, annast upplýsingagjöf og samskipti er varða verkefnið og vera tengiliður milli skólastjóra og þeirra sem að verkefninu koma. Verkefnisstjóri þarf að geta leitað faglegrar ráðgjafar í hlutverki sínu.
- Í skólanámskrám skólanna verði stefnu og framkvæmd dreifmenntunarverkefnisins lýst og hvernig þeir standa að mati á því.
- Leitað verði leiða til þess að gefa öllum grunnskólum Vesturbyggðar og Tálknafjarðar tækifæri til þátttöku í fjarnáminu og auka hlutdeild þess þannig að það nái til fleiri námsgreina og nemenda á ólíkum aldri.
- Kennaratímar sem hugsanlega sparast vegna aukinnar fjarkennslu verði nýttir til stuðnings við nemendur í námi þeirra.
- Byggt verði upp kerfisbundið leiðsagnarmat í skólastarfinu til að gefa kennurum sem gleggstar upplýsingar um námsframvindu nemenda og hlúa að sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Með dreifmenntun verði ekki eingöngu vísað til fjarkennslu heldur taki hugtakið einnig til kennslu þar sem tæknimiðlar fjarkennslunnar, s.s. Netskólinn, eru nýttir í staðbundnu námi. Þróuð verði blönduð vinnubrögð af því tagi, m.a. í þeim tilgangi að ná fleiri markmiðum skólastarfs, s.s. einstaklingsmiðun í námi.
- Leitað verði leiða til að gera foreldra að virkum þátttakendum í dreifmenntuninni. Skólinn sækir foreldra heim, ræði við þá um kennsluformið, hvaða væntingar þeir hafi til náms barna sinna og aðkomu foreldra að því. Stuðla má að virkni foreldra í dreifmenntuninni með gagnvirkum samskiptum í tölvu um nám barns þeirra og gefa þeim ráð um stuðning við heimanám.

-
- Verkefnið verði tengt Kennaraháskóla Íslands og/eða Háskólanum á Akureyri og þeim falið að vinna með verkefnisstjóra og kennurum að þróun þess og rannsóknum á því.
 - Leitað verði þekkingar í öðrum þjóðlöndum af sambærilegum eða svipuðum verkefnum einkum hvað varðar kennslufræðilega þætti og henni miðlað til kennara þátttökuskólanna í dreifmenntunarverkefninu.
 - Reynsla og þekking sem til verður í verkefninu verði skráð svo miðla megi henni áfram til annarra skóla.

3. Umræða

Í skýrslu RHA eru meginniðurstöður úttektarinnar dregnar fram. Þar segir að umtalsverður ávinningur hafi orðið af dreifmenntunarverkefninu. Allt bendi til að fjarkennsla sé ekki einungis bæði tæknilega og kennslufræðilega möguleg heldur einnig að mörgu leyti vænleg leið til að styrkja starf skóla í dreifðum byggðum. Dreifmenntunarverkefnið virðist stuðla að auknu sjálfstæði nemenda í námi og fátt virðist benda til annars en að árangur nemenda í fjarkennslu sé sambærilegur við árangur nemenda í hefðbundinni kennslu þó ekki sé komin næg reynsla til að fullyrða slíkt. Nemendum virðist líða vel í kennslustundum og er tölvan þeim greinilega mjög handgengin. Félagsleg tengsl nemenda á svæðinu, sem verkefnið náði til, hafa aukist, nemendur upplifa sig þátttakendur í stærri heild og dregið hefur úr hrepparíg þeirra á meðal. Sá annmarki er á verkefninu að nemendur Patreksskóla fá ekki sama tækifæri til þátttöku í dreifmenntunarverkefninu og nemendur í fámennari skólunum eftir að ákvörðun var tekin um að hafa ekki nemendur hjá kennara í kennlustofu þegar fjarkennsla fer fram. Kennarar hafa almennt öðlast aukna færni í notkun tölvu og forrita sem nýst hefur þeim með einum eða öðrum hætti í kennslu. Kennsluáðferðir í skólunum hafa orðið fjölbreyttari og samskipti kennara á svæðinu aukist. Með dreifmenntunarverkefninu hafa skapast tækifæri fyrir skólana alla að fá kennara með sérþekkingu í tiltekinni námsgrein til að annast kennslu á svæðinu án þess það kosti sérstaka kennslutíma í hverjum skóla eða ferðakostnað og erfiðleika vegna ferða kennara milli skóla í óstöðugu veðri og færð á vetrartíma.

Þessar niðurstöður eru almennt jákvæðar. Af þeim má ráða að verkefnið hafi heppnast að ýmsu leyti vel og því mikilvæg spurning fyrir skólana á hvern hátt þróa megi þetta starf frekar. Í skýrslu RHA kemur fram að verkefnið sem slíkt virðist vera afmarkað og hafa lítil tengsl við annað starf skólanna. Sem slíkt er það allvel skilgreint, markmið þess eru skýr en ekki er ljóst hvaða áhrif það hefur í raun á framtíðarsýn skólanna eða markmið þeirra. Dreifmenntunarverkefnið hefur fært kennurum nýja þekkingu og færni sem þeir nýta sér í starfi. Mikilvægt er að skoða það í stærra samhengi innan skólans. Það þarf að endurspeglast í skólanámskrám

skólanna. Skerpa þarf á framtíðarsýn skólanna og gera rækilega grein fyrir markmiðum þeirra um notkun tæknimiðla í skólastarfinu.

Eitt af mikilvægum skrefum í þróun dreifmenntunarinnar er að leita leiða til þess að flétta hana enn frekar inn í hefðbundið starf skólanna og jafnvel auka hlutdeild fjarkennslu í skólastarfinu og fjölbreytni í þeirri kennslu. Eigi t.d. að kenna tilteknum árgöngum eðlisfræði í fjarkennslu þarf sú ákvörðun að ná til allra skólanna en líta ekki á hana sem eitthvert neyðarúrræði ef útséð er um að ekki fáist kennarar til að annast kennsluna í skólunum. Til að auka fjölbreytni í námsframboði skólanna mætti kanna þann möguleika að kennari sé staðsettur á öðrum stað en í einhverjum skólanna fjögurra í Vestur-Barðastrandarsýslu. Þannig er ekkert því tæknilega til fyrirstöðu að kennari sitji í Reykjavík eða annars staðar á landinu. Kennaratíma sem hugsanlega sparast með fjarkennslu má nýta til stuðnings við nemendur í námi þeirra.

Nýta má ýmsa kosti þeirrar tækni sem dreifmenntunin byggir á fyrir almennt nám nemenda í staðbundnu starfi skólanna, m.a. til aukinnar einstaklingsmiðunar í starfi þeirra. Rannsóknir¹ benda til að bæta megi hefðbundna bekkjarkennslu með blönduðu kennsluformi þar sem gagnvirk samskiptatækni er nýtt án þess að hún komi í stað bekkjarkennslunnar. Það hefur í för með sér að endurskoða þarf hefðbundið skipulag skólastarfsins þar sem gengið er út frá aldursskiptingu og að hver námsgrein hafi sínar kennslustundir. Í staðinn yrði kennsla og nám fremur miðað við hvern einstakling þar sem hver og einn nemandi vinnur í samræmi við þau markmið sem honum eru sett og jafnvel hann og foreldrar hans hafa tekið þátt í að setja. Blandað kennsluform af þessu tagi hefur í för með sér tilfærslu frá hefðbundinni innlögn til nemendamiðaðrar fræðslu þar sem nemandinn er virkur þátttakandi í kennslunni og kerfisbundið leiðsagnarmat (formative assessment) er nýtt til gagns fyrir nemandann og kennara.² Með þessu móti yrði dreifmenntunin færð nær lýsingu menntamálaráðuneytisins á dreifskóla. Í verkefnaáætlun um rafræna menntun 2001–2003 segir m.a.:

Dreifskóli er stofnun sem krefst ekki nauðsynlega hefðbundinna bygginga, er ekki með fasta stundatöflu og þar eru kennarar og nemendur ekki alltaf samtímis á sama stað. Í þessum skóla er nemandinn miðpunktur og sækir nám sitt eftir ýmsum leiðum

¹ Dziuban C.D, J.L. Hartman, P.D. Moskal 2004.

² Dziuban C.D, J.L. Hartman, P.D. Moskal 2004.

og úr ólíkum áttum. Í dreifskóla er ekki gerður greinarmunur á staðbundinni kennslu og fjarkennslu heldur tvinnast þessir kennsluhættir saman í dreifkennslu þar sem jöfnum höndum er notuð hefðbundin kennsla og þekkingu miðlað með notkun Netsins.³

Hér er augljóslega sú áhersla lögð að í stað þess að sveigja tæknibúnaðinn að hefðbundnu skipulagi skólastarfsins sé umgjörð skólastarfsins aðlöguð að möguleikum tæknibúnaðarins með það að markmiði að mæta enn betur þörfum hvers nemanda.

Upphaflega var lagt upp með það markmið í verkefninu að dreifmenntunin næði til allra nemenda í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Að nokkru leyti virðast forráðamenn hafa horfið frá þessu þar sem kennarar hafi ekki fundið lausn á því að hafa nemendur í kennslustofu hjá sér samhliða því að stjórna kennslu í fjarfundabúnaði og öðrum tæknimiðlum. Fjölmennasti skólinn, Patreksskóli, er veitandinn í verkefninu, þ.e. kennarar skólans annast kennsluna, en hann býður nemendum sínum ekki aðild að fjarkennslunni. Í ljósi þeirra kosta sem dreifmenntunin virðist færa nemendum skv. niðurstöðum úttektar, s.s. aukið sjálfstæði í námi, aðild að stærri félagslegri heild, aukna færni í notkun upplýsingatækni og vellíðan er ástæða til að leita leiða til að gefa nemendum Patreksskóla tækifæri til þátttöku. Ef óframkvæmanlegt er að hafa nemendur í kennslustofu hjá kennara mætti hugsa sér að nemendur sætu við sama borð og aðrir nemendur í dreifmenntun, þ.e. þeir stýrðu sínu eigin námi í kennslustofunni á meðan kennari væri einn í fjarkennslustofu og stjórnaði kennslunni á öllum stöðunum fjórum. Ef slíkt fyrirkomulag yrði þróað hefði það í för með sér að kennari þarf ekki að vera staðsettur í Patreksskóla eða einhverjum öðrum þátttökuskólanna. Þess í stað gæti hann setið hvar sem er á landinu þar sem hann hefði aðgang að þeim tæknibúnaði sem nauðsynlegur er. Þessu er lýst í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins um rafræna menntun.

Þannig getur nemandi stundað dreifnám við einn skóla eða marga í senn, verið í staðbundnu námi og fjarnámi eða blöndu af þessu tvennu. Hann getur sótt stærstan hluta af námi sínu í staðbundnum skóla sem notar ýmist staðbundna kennsluhætti eða

³ Menntamálaráðuneytið 2001.

fjarkennslu í ákveðnum þáttum námsins. Aðra hluta námsins sækir hann í fjarkennslu frá einhverjum tilteknum skólum eða frá dreifskólanum sjálfum.⁴

Eitt af því sem kennarar kvörtuðu undan við þróun fjarkennslunnar var að það vantaði tilfinnanlega kennsluefni sem miðað væri að notkun í upplýsingatæknibúnaði. Því sætu þeir uppi með það að þurfa að endurvinna námsgögn og kennsluefni þannig að hentaði fyrir fjarkennsluna ásamt því að útbúa verkefni fyrir hverja kennslustund. Þetta hefði mikið aukaálag í för með sér. Að þessu þarf menntamálaráðuneyti að huga í ljósi þess að námsgagnaútgáfa er á höndum ríkisins. Efla þarf útgáfu rafrænna kennslugagna sem nota má til kennslu í grunnskólum.

Í skýrslu RHA kemur fram að kennarar töldu sig hafa fengið ágæta uppfræðslu um tæknibúnað þann sem notaður er við fjarkennsluna en þeir hafi þurft í miklum mæli að prófa sig áfram með kennsluaðferðir. Ef þróa á verkefnið áfram er mikilvægt að tryggja að skólarnir, sem aðild eiga að verkefninu, hafi aðgang að virkri ráðgjöf og litið sé á verkefnið sem heildarskólaverkefni, þ.e. að dreifmenntunin nái bæði til fjar-náms og staðarnáms í skólastarfinu. Huga þarf að fræðslu fyrir kennara um fjarkennslu einkum það er lýtur að útfærslu kennslunnar í nýjum aðstæðum og breytingum á skólaskipulagi. Þó að ekki sé mikil reynsla til hér á landi af þessu tagi er vitað um verkefni á Norðurlöndunum sem læra má af og dreifmenntunarverkefnið í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur þegar tengst. Þá hefur enska menntamálaráðuneytið gefið út skýrslu, er lýtur að því að virkja tækni til umbreytinga á námi og þjónustu við börn⁵ og ýmislegt er til af fræðilegu efni um fjarkennslu sem vert væri að skoða og hagnýta við þróun dreifmenntunar. Mikilvægt er að skrá þá reynslu sem til verður í starfinu svo henni verði ekki glatað kjósi þeir kennarar sem kennsluna hafa annast að fara í burtu. Ástæða er til að tengja verkefninu nánar Kennaraháskóla Íslands og/eða Háskólann á Akureyri, með það í huga að vinna með kennurum að frekari þróun verkefnisins og rannsóknum á því og miðla til annarra í formi fræðslu og þróunarverkefna. Hér á landi er ekki mikil reynsla af fjarkennslu á grunnskólastigi og enn færri rannsóknir.

Athyglisverð er sú niðurstaða sem fram kemur í könnun sem gerð var af hálfu verkefnisstjórnar dreifmenntunarverkefnisins á viðhorfi foreldra til þess. Þó að stór

⁴ Menntamálaráðuneytið 2001.

⁵ Department for education and skills 2005.

hluti foreldra sem svöruðu spurningalista, lýstu sig ánægða með verkefnið var jafnframt stór hópur þeirra sem sagðist ekkert vita um verkefnið. Þessi þversögn er umhugsunarverð í ljósi þess að rannsóknir benda til að þátttaka foreldra í námi barna sinna auki árangur af náminu.⁶ Gagnvirk samskiptatækni opnar raunhæfa möguleika á að gera foreldra að virkum þátttakendum í því sem börn þeirra fást við og að eiga samræður við skólann um hvernig þeim reiðir af í náminu. Því er gríðar mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um þá breytingu sem felst í námi og kennslu nemenda með fjarkennslunni og jafnframt að þeir séu þátttakendur í þessu starfi. Í þessu samhengi gæti verið ástæða til að skólinn leitaði fleiri leiða til að koma upplýsingum á framfæri við foreldra, t.d. með því að sækja foreldra heim og ræða við þá um nám nemenda, inntak og fyrirkomulag þess og á hvern hátt þeir geti lagt þeim sem best lið. Gera má foreldrum ljóst að hvers konar sjálfböðastarf væri vel þegið inn í skólann t.d. í því formi að vera með nemendum í kennslustundum fjarkennslunnar. Gera þarf foreldra að virkum þátttakendum í ákvörðunum er varða frekari þróun dreifmenntunarinnar.

⁶ Fullan, M. og S. Stiegelbauer 1991, Epstein, J. 1995.

4. Lokaorð

Hér hafa verið settar fram hugmyndir að nokkrum aðgerðum til áframhaldandi þróunar dreifmenntunarverkefnis grunnskólanna í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Í skýrslu RHA kemur fram að í þróunarstarfi grunnskólanna í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi hafi ýmislegt áunnist sem ástæða er að þróa frekar. Mikilvægt er að áfram verði hlúð að jákvæðum þáttum verkefnisins en jafnframt leitað leiða til að vinna betur úr þeim atriðum sem betur hefðu mátt fara. Mikilvægast af öllu er að ekki glatist sú þekking sem fengist hefur af verkefninu þannig að hún megi áfram vera til gagns í skólastarfinu og ekki þurfi aftur að byrja á grunni vilji aðrir skólar gera tilraunir í þessa veru. Þess er vænst að þær tillögur sem hér eru fram settar geti vakið umræðu og orðið til stuðnings við það áhugaverða starf sem þegar hefur verið unnið í skólunum á þessu sviði.

5. Heimildir

- Department for Education and Skills. (2005) *Harness Technology Transforming learning and children's services*. Sótt á vefsíðu 22.12.2006
<http://www.dfes.gov.uk/publications/e-strategy> .
- Dziuban Charles.D, Joel.L. Hartman, Patsy.D. Moskal. (2004) Blended Learning. *Research Bulletin 7* Educause Center for Applied Research.
- Epstein, Joyce J. (1995). School/Family/Community Partnerships, Caring for the Children We Share. *Phi Delta Kappan*, 76,9:701–712.
- Fullan, Michael og Suzanne Stiegelbauer (1991) *The New Meaning of Educational Change*. London, Cassel.
- Menntamálaráðuneytið. 2001. Forskot til framtíðar. Verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001–2003. Sótt 22.12.2006 á vefsíðu
<http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/forskot.pdf>